

nokkrar frummyndir er norskir listamenn gerðu við Heims-kringlu Snorra Sturlusonar. Þetta er lítil en þó mjög merkileg sýning sem ánægjulegt er að fá hingað til Íslands. Hér getur að líta teikningar eftir ýmsa þekktustu listamenn Noregs á síðari hluta fyrri aldar og fram á þessa öld. Teikningar sem hafa greypst inn í hugskot okkar sem erum á miðjum aldri og haft ómæld áhrif á aðra listamenn, m.a. íslenskan, varðandi myndskreytingar forn-sagna.

Hér eru teikningar eftir Erik Werenskiöld (1855–1938), Cristian Krogh (1852–1925), Halfdan Egedius (1877–1899), Eilíf Petersen (1852–1928) og Gerhard Munthe (1849–1920). Þær eru allar frekar litlar en búa þó yfir miklum þrótti í útfærslu og þurfa vandlega skoðun til að þær skili sér, einkum vegna þess að þær njóta sín naumast í steinsteyptum, hráum og þunglamalegum gang-inum.

Það er mikill fengur að þessari sýningu og mikill lærdómur í því fólgin að skoða hana vandlega og ættu því áhugamenn um teikningu að fjölmenna í Myndlistarhúsið meðan á sýningunni stendur og þá ekki sist listnema. Fróðlegt er að sjá frumteikningu Cristian Krogh af Snorra Sturlusyni — mynd sem telst fyrirmynd þeirrar myndar er gat að líta í íslenskum kennslubókum er undirritaður var í barnaskóla og gerir máski enn. Þetta er hressilega útfærð teikning og sannkallaður fornmannabragur á henni en þó engin yfirdrifin hetjurómantik. Það er stíll yfir mannum og einhvern veginn er maður sáttur við þá tilhugsun, að þannig hafi Snorri litið út, mikilúðlegur í sjón og raun.

Listamaður, sem mikla athygli vekur, er hinn bráðbróska Halfdan Egedius sem var efni í mikinn snilling, einnig sem málari, en dó langt fyrir aldur fram 22 ára að aldri. Hann var yngstur þessara manna og fæddist beint inn í þetta merkilega tímabil bóka-skreytingar forn-sagna og jafnframt frjósamt umbrotatímabil norskrar myndlistar er m.a. fæddi af sér menn líkt og Edvard Munch, frægasta mynd-

listarmann Norðurlanda fyrr og síðar. Þetta er enn ein sönnun þess hve jarðvegurinn hefur mikið að segja og að slíkur árangur verður ekki til fyrir tilviljun, sprettur ekki fram fyrirvaraust heldur er afleiðing undangenginnar þróunar.

Það er mikil menning og þokki yfir þessari litlu sýningu og hún er stórum merkilegri en gæti virst við fyrstu sýn. Norræna menningarmiðstöðin á þakki skilið fyrir að hafa skipulagt sýninguna og fjármagnað að frumkvæði norsku deildar Norræna listabandalagsins.

Þrjár í Suðurgötu 7

Þrjár ungar listnema úr Myndlista- og handíðaskólanum þeir

Myndlist

eftir BRAGA ASGEIRSSON

Ómar Stefánsson, Kristján Valsson og Sigurður Ármannsson hafa ráðið í það fyrirtæki að setja upp samsýningu í sýningarhúsinu að Suðurgötu 7. Þeir eru fullir hugmynda um lífið og tilveruna, en sem eðlilegt er þá koma þessar hugmyndir manni kunnuglega fyrir sjónir því að hér er um að ræða aðfengnar hugmyndir reyndari listamanna hérlendra sem erlendra. Það mætti nefna hér ýmis nöfn en skal þó látið ógert því að það þjófnar engum tilgangi að svo komnu máli. Allir eru hinir ungu menn óskrifad blað og sýningin virkar á mig sem leikur í Nýlistardeild skólans en þar kemur ósjaldan ýmislegt skemmtilegt frá þótt ekki sé ástæða til að hlaupa strax með það á opinberan vettvang. Teikningarnar á sýningunni bera þess vott að ennþá eigi þeir margt ólært í skólanum og þeir mættu gjarnan skoða vandlega sýninguna er ég fjallaði um hér að framan.

Ýmislegt á sýningunni er þó í sviðum gæðaflokki og hefur sést þarna eftir eldri listamenn og ljósmyndirnar eru tiltölulega þokkalegar.

Þá vil ég koma hér að þeirri skoðun minni, að ég álit myndir ekki öðlast meiri gildi fyrir það að heimspekilegur texti er ritadur á erlendu tungumáli — íslenskan finnst mér nógu góð og ekkert „lummó“.

Hinum ungu mönnum óska ég velfarnaðar á listabrautinni.

Kristján Guðmundsson

Nýlokið er sýningu í rammaverzlun Guðmundar Árnasonar á Bægstadastræti er nokkra athygli vakti, og þótt henni sé lokið munu ennþá nokkrar myndir hanga uppi. Var hér um að ræða ljóðrænar afstraksjónir Kristjáns Guðmundssonar (Árnasonar). Listamaðurinn er svo sem kunnugt er búsettur í Amsterdam og mun þar vel þekkt nafn. Hann var einn ellefumeninganna er sýndu í Malmö nýverið og seldi mynd sína „Þjóðskráin“ til Moderna Museet í Stokkhólmi. Sú mynd vakti mikla athygli er hún var sýnd í Galerie SUM á sínum tíma og minntist ég m.a. á það í umfjöllun um sýninguna, að Listasafn Íslands þyrfti að festa sér hana. Hér missti þó Listasafnið af strætisvagninum eins og oft áður og sem er óhjákvæmilegt við núverandi skipan mála og fjársvelti.

Það vakti einkum athygli varðandi sýningu Kristjáns, að hann skyldi nota aftur klassísk efni í myndir sínar í stað ljósmyndavélarinnar en skyldi það ekki fyrr en varir verða þróunin í einhverri mynd yfir alla línuna?

Fram kom í myndum Kristjáns faguð ljóðræn tilfinning fyrir litum ásamt fundvísi á sannfærandi stemmning. En annars met ég listamanninn meira sem listamann í myndum líkt og fyrrnefnd „Þjóðskrá“ þar sem mér finnst meiri alvara í vinnubrögðum. En þrátt fyrir allt var bæði óvenjulegt og forvitnilegt að fá þessa sýningu frá hendi Kristjáns.



Þrjár myndir er sýna þróunina í línutækni Erik Werenskiöld's

Kaupmenn — verslunarstjórar!


ÁVEXTIR Í ÞESSARI VIKU

Til afgreiðslu úr ávaxtageymslum okkar:

Banarar	Appelsínur Jaffa	Vínber græn
Epli rauð U.S.A.	Sítrónur	Vínber blá
Epli rauð frönsk	Grape-aldin	Perur
Epli græn	Honduras	

ÁVEXTIR ALLA DAGA

Eggert Kristjánsson hf.
Sundagörðum 4, sími 85300



ÞARFTU AÐ KAUPA?
ÆTLARÐU AÐ SELJA?

VANTAR ÞIG VINNU?
VANTAR ÞIG FÓLK?

ÞU AUGLÝSIR UM ALLT LAND ÞEGAR
ÞU AUGLÝSIR Í MORGUNBLAÐINU